



**LAUGARFELL / LAUGARÁ
FLJÓTSDALSHREPPI
DEILISKIPULAG
UMHVERFISSKÝRSLA**



VERKNÚMÉR: 2009-1218	DREIFING:
SKÝRSLA NR: 1	Fljótsdalshreppur
DAGS: 2010-04-30	
BLAÐSÍÐUR: 13	<input checked="" type="checkbox"/> Opin
UPPLAG:	<input type="checkbox"/> Lokuð til
	<input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa

HEITI SKÝRSLU: Deiliskipulag Fljótsdalshrepps, umhverfisskýrsla

HÖFUNDUR: Björn Halldórsson

VERKEFNISSTJÓRI: Björn Sveinsson

UNNIÐ FYRIR: Fljótsdalshrepp

SAMSTARFSADILAR:

UMSJÓN: Gunnþórunn Ingólfssdóttir

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: Umhverfisskýrsla með skipulagi

ÚTDRÁTTUR:

Í skýrslunni er gerð grein fyrir helstu þáttum deiliskipulags fyrir Laugarfell og Laugará í Fljótsdalshreppi og áhrif þeirra á umhverfið metin.

LYKILORD ÍSLENSK: Laugarfell, Laugará, Fljótsdalshreppur, umhverfisskýrsla, deiliskipulag.	LYKILORD ENSK:
UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:	YFIRFARIÐ AF:

Samantekt umhverfismats

Metin voru umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulags fyrir Laugará/Laugarfell í Fljótsdalshreppi. Í upphafi matferlisins voru valdir úr (vinsun) þeir umhverfisþættir sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdar deiliskipulagsins. Þá var og lagt mat á hvaða þættir deiliskipulagsins væru til þess fallnir að hafa áhrif á umhverfið.

Eftirtaldir þættir í deiliskipulagi voru valdir úr og umhverfisáhrif þeirra metin:

1. Uppbygging þjónustumiðstöðvar við Laugará
2. Efnisnám við Laugarfell

Eftirfarandi umhverfisþættir voru vinsaðir úr og áhrif á þá metin:

1. Sjónræn áhrif
2. Útivist
3. Náttúrufar

Efnisyfirlit

Samantekt umhverfismats	i
Efnisyfirlit	iii
1 Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar	5
1.1 Umfang umhverfismats	5
2 Tengsl við aðrar áætlanir	5
3 Upplýsingar um grunnástand umhverfis	6
4 Umhverfispættir (vinsun)	6
4.1 Sjónræn áhrif	6
4.2 Útivist	7
4.3 Náttúrufar.....	7
5 Aðferðir	7
6 Umhverfismat	8
6.1 Sjónræn áhrif	8
6.2 Útivist	8
6.3 Náttúrufar.....	8
6.4 Niðurstöður.....	8
6.5 Kynning og samráð	8

1 Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar

Deiliskipulagssvæðið nær yfir Laugarfell, Laugará og nánasta umhverfi þeirra. Skipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014. Landfræðilega afmarkast skipulagssvæðið af Jökulsá í Fljótsdal að norðan og að norðvestan af vegi vestan Laugarfells og vegi á Fljótsdalsheiði. Að norðaustan af línu sem er samsíða Laugará. Stærð svæðisins er um 85 ha. Samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar frá 29.5.2009 telst skipulagssvæðið til þjóðlenda.

Markmið deiliskipulagsins eru:

1. Að skilgreina svæðið sem ferðamiðstöð á Snæfellsöræfum eins og gert er í Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2002-2014.
2. Að skilgreina námasvæði og frágang þess í Laugarfelli.

Deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir að kofar og bráðabirgðahús (Laugarhús), nema hesthús verði fjarlæggt af svæðinu og í stað þess byggt eitt hús, ferðamannaskáli sem nýtist ferðamönnum og gangnamönnum. Aðkoma að þessum skála verður um núverandi veg frá Fljótsdalsheiðarvegi en gera þarf smá breytingu á legu vegar ofarlega vegna snjóþyngsla. Hesthúsið sem stendur skammt frá lauginni verður lagfært. Gert er ráð fyrir bílastæði norðan Laugarár og snúningssvæði fyrir rútur. Stefnt er að því að halda umferð bíla yfir Laugará í lágmarki og að áin verði brúuð með göngubrú. Sunnan við Laugará er staðsett tjaldsvæði, gert er ráð fyrir varanlegu hestagerði og kindagerði og að laugin verði endurbyggð á varanlegan hátt með steinhleðslu.

Gert er ráð fyrir reiðstíg í gegnum skipulagssvæðið og gönguleiðum út frá ferðamannaskála við Laugará. Nánar er gerð grein fyrir einstökum gönguleiðum og legu reiðstíga í greinargerð með deiliskipulagi.

Til stendur að koma upp útsýnisstað í Laugarfelli, skammt frá loftunarholu sem þar er, nokkru neðan við námasvæðið. Verður upplýsingaskiltum komið fyrir á útsýnisstaðnum ásamt listaverki.

Efnisstöku- og skálasvæði þau sem deiliskipulagið fjallar um eru hvor tveggja tilkynningaskildar framkvæmdir sbr. viðauka 2. gr. 12d í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þar sem skipulagstillagan sem til umfjöllunar er felur í sér framkvæmdir sem eru tilkynningaskildar fellur hún einnig undir lög nr. 105/2006. Vinna við gerð deiliskipulags var hins vegar langt komin við gildistöku laga nr. 105/2006 og vinna við skipulagið því ekki í samræmi við ákvæði þeirra. Sú breyting hefur hins vegar orðið frá upphaflegum áætlunum að hætt hefur verið við stórfellt efnisnám úr námu við Laugarfell og verða því ekki gerðar breytingar á aðalskipulagi vegna hennar.

1.1 Umfang umhverfismats

Við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins voru metin þau stefnumið þess sem talin voru líkleg til að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum. Þeir þættir stefnumiða sem metnir eru líklegir til að hafa í för með sér áhrif á umhverfi eru:

- ✓ Uppbygging þjónustumiðstöðvar við Laugará
- ✓ Efnisnám við Laugarfell

2 Tengsl við aðrar áætlanir

Skipulagssvæðið við Laugarfell/Laugará er hluti skipulagssvæðis aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2002-2014. Skipulagssvæðið er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar frá 29 maí 2009. Deiliskipulagssvæðið við Laugarfell liggur við mörk Vatnajökulspjóðgarðs.

Það er yfirlýst stefna stjórnvalda með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og uppbyggingu gestastofu við Skriðuklaustur í Fljótsdal að stuðla að aukinni umferð ferðamanna um nágrenni Snæfells og Vesturöræa. Með gerð deiliskipulags fyrir Laugarfell og Laugará er Fljótsdalshreppur að bregðast við þessari opinberu stefnu þannig að stjórn sé komið á umferð ferðamanna um skipulagssvæðið og takmörkuð þau neikvæðu áhrif sem hún kanna að hafa á umhverfið.

3 Upplýsingar um grunnástand umhverfis

Skipulagssvæðið tilheyrir jörðinni Valþjófsstað. Nokkrir kofar, gangnamannahús, gistaðstaða hestamanna og ferðamanna eru norðaustan við Laugarfell og hefur svæðið lengi verið nýtt til beitar fyrir sauðfé og útivistar. Nokkrir vegir og vegslóðar eru innan skipulagssvæðisins sbr. deiliskipulagsupphrátt, bæði nýlegir vegir sem tengjast framkvæmdum við Hraunaveitur og Kárahnjúkavirkjun sem og eldri vegslóðar.

Laugará rennur niður í Jökulsá í Fljótsdal fyrir utan fellid, og myndar bugðu til norðurs. Heit volgra er rétt við Laugakofa og er þar hlaðin hringlaga baðlaug. Lítil girðing er fyrir sauðfé á svæðinu en ekki varanleg hestagerði. Svæðið er að mestu gróið, ógróin svæði eru í Laugarfelli en allt svæðið við Laugará er vel gróið. Fallegir stallar og fossar eru í Laugará, fossarnir eru Slæðufoss og Stuðlafoss. Frá Laugarfelli eru um 3km að Kirkjufossi í Jökulsá og er fossinn Faxi (Faxfoss) þar rétt neðan við, þar sem Laugará fellur í Jökulsá. Vegslóði liggur frá Fljótdalsheiðarvegi að Laugarkofum. Í Laugarfelli sunnanverðu hafa verið teknir um 8000 m³ af efni til vegagerðar en þar var til skamms tíma opin ófrágengin náma¹. Þeirri námu var hins vegar lokað og frá henni gengið sl. sumar. Skv. upphaflegri tillögu að deiliskipulagi frá 2006 var gert ráð fyrir efnistöku í þessari námu upp á 35.000 m³ vegna stíflugerðar við Hraunaveitur. Á seinni stigum virkjunarframkvæmda var hins vegar ákveðið að falla frá þeirri efnistöku og eru í dag engin áform uppi um svo umfangsmikið efnisnám.

4 Umhverfispættir (vinsun)

Eins og greint er frá í kafla 1 hér að framan um markmið deiliskipulags er tilgangurinn að bæta aðstöðu ferðamanna á svæðinu og skilgreina það sem ferðamiðstöð á Snæfellsöræfum. Með því er stefnt að markaðssetningu svæðisins fyrir ferðamenn og auknum umsvifum í ferðaþjónustu. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda í tengslum við nýjan Vatnajökulsþjóðgarð og uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn.

Við val á umhverfispáttum sem lagðir voru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna deiliskipulagsins og umhverfisaðstæðna á skipulagssvæðinu. Þeir umhverfispættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismatinu voru eftirfarandi:

- ✓ Sjónræn áhrif
- ✓ Útivist
- ✓ Náttúrufar

4.1 Sjónræn áhrif

Samkvæmt deiliskipulagi er afmarkað sérstakt skipulags- og byggingasvæði fyrir ferðamiðstöð og ferðamannaskála við Laugará. Í greinargerð með deiliskipulagi er að finna skilmála fyrir byggingu ferðamannaskála sem m.a. miða að því marki að takmarka sjónræn áhrif af byggingum þannig að þær falli sem best að legu lands. Þar er hæð bygginga takmörkuð og útlit þannig ákvarðað að sem best falli að umhverfi. Þá er og kveðið á um það í greinargerð að öll landmótun og efnisnotkun samræmist umhverfinu og að gengið sé frá öllu landraski um leið og byggingum.

¹ Laugarfell- Tillaga að deiliskipulagi, greinargerð. Landark 2006

Á skipulögðu byggingasvæði ferðamannaskála eru fyrir gamlir gangnamannakofar og hesthús. Skv. skipulagi verða þessar byggingar, aðrar en hesthúsið, fjarlægðar. Deiliskipulagið gerir einnig ráð fyrir því að gert verði tjaldstæði og bílastæði fyrir rútur í tengslum við byggingu ferðamannaskála.

Verði af malarnámi, allt að 35.000 m³, eins og heimilað er í deiliskipulagi, er ljóst að það mun hafa sjónræn áhrif. Hversu mikil þau verða er hins vegar háð framkvæmd malarnámsins og þeim skilyrðum sem efnisnámi og frágangi svæðisins eru sett í framkvæmdaleyfi. Þá liggur einnig fyrir að malarnám af þessari stærðargráðu er háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar er rétt að taka fram, eins og getið er í kafla 3, að forsendur eru nú breyttar og engin áform uppi um slíkt efnisnám.

4.2 Útivist

Einn helsti tilgangur deiliskipulagstillögu fyrir Lagarfell og Laugará er að bæta aðgengi ferðamanna að vinsælum útivistarsvæðum í nágrenni Snæfells, svæði sem lengi hefur verið vinsælt meðal göngufólks. Samhliða þeirri uppbyggingu sem fylgdi framkvæmdum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar hefur aðgengi almennings að Eyjabökkum, Snæfelli og Vesturöræfum batnað til mikilla muna og ferðamönnum sem um svæðið fara fjölgað mikið frá því sem áður var. Það ásamt yfirlýstu markmiði stjórnvalda með stofnun Vatnajökulsþjóðgars um að fjölga komum ferðamanna að svæðinu er nauðsynlegt að skapa aðstöðu fyrir ferðamenn og þjónustu við þá. Þá er einnig nauðsynlegt að stjórna umferð gangandi- og riðandi ferðamanna um ósnortið land til að vernda ásýnd þess og draga úr líkum á hnignun gróðurs.

Til að mæta auknum ferðamannastraumi er í deiliskipulagi leitast við að stýra umferð ferðamanna um svæðið, koma upp aðstöðu til gistingar og þjónustu við ferðamenn og merkja gönguleiðir og reiðstíga.

4.3 Náttúrufar

Eins og farið er yfir í kafla 4.2 hér að framan er með skipulagstillögu leitast við að stjórna umferð ferðamanna um svæðið og takmarka þannig neikvæð áhrif á umhverfið.

Í deiliskipulagi er heimilað efnisnám í hlíðum Laugarfells, allt að 35.000 m³. Ljóst er að slíkt malarnám mun hafa einhverv áhrif á náttúrufar innan námusvæðisins svo sem á gróðurfar. Hversu mikil áhrifin verða er hins vegar háð framkvæmd og þeim skilyrðum sem sett eru í framkvæmdaleyfi.

5 Aðferðir

Matið fór þannig fram að farið var yfir þá þætti deiliskipulagsins sem talið var að haft gætu áhrif á umhverfið (sjá kafla 4), hvort sem þau voru metin jákvæð eða neikvæð. Þar var lagt mat á hverslags áhrifin væru og umfang þeirra. Var hverjum áhrifaþætti síðan gefin einkunn sem skiptist í þrjú stig:

- ✓ Jákvæð áhrif
- ✓ Neikvæð áhrif
- ✓ Hlutlaus

Þá var einnig farið yfir hvort hægt væri að hafa uppi einhverjar þær mótvægisáðgerðir í deiliskipulagi sem dregið gætu úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar þess á umhverfið, væru þau metin einhver.

Við matið var stuðst við fyrirliggjandi gögn sem finna má í umhverfisskýrslum vegna framkvæmda við Kárahnjúka og upplýsingar sem aflað var vegna vinnu við deiliskipulagið og fram koma í greinargerð. Ekki voru unnar sérstakar rannsóknir vegna gerðar umhverfisskýrslu.

6 Umhverfismat

6.1 Sjónræn áhrif

<i>Þáttur í skipulagi</i>	<i>Áhrifalýsing</i>	<i>Umhverfiseinkunn</i>
Bygging ferðamannaskála við Laugará	Nýtt hús verður byggt við Laugará. Eldri mannvirki verða fjarlægð. Byggt verður upp tjaldstæði og aðstaða til að taka á móti rútum.	Jákvæð áhrif
Efnisnám við Laugarfell	Heimilt að taka allt að 35.000 m ³	Neikvæð á þeim tíma er efnisnám fer fram. Áhrif að efnisnámi loknu háð útfærslu og takmörkunum í framkvæmdaleyfi

6.2 Útivist

<i>Þáttur í skipulagi</i>	<i>Áhrifalýsing</i>	<i>Umhverfiseinkunn</i>
Bygging ferðamannaskála við Laugará	Aukinn fjöldi ferðamanna mun leggja leið sína um svæðið. Stjórn verður komið á umferð ferðamanna um svæðið. Bætt aðstaða ferðamanna til útivistar á svæðinu.	Jákvæð áhrif
Efnisnám við Laugarfell	Heimilt að taka allt að 35.000 m ³	Neikvæð á þeim tíma sem efnisnám stendur yfir og náma er opin. Eftir frágang eru áhrifin metin hlutlaus

6.3 Náttúrufar

<i>Þáttur í skipulagi</i>	<i>Áhrifalýsing</i>	<i>Umhverfiseinkunn</i>
Bygging ferðamannaskála við Laugará	Aukinn fjöldi ferðamanna eykur álag á náttúru. Skipulag miðar að því að stýra umferð og takmarka neikvæð áhrif.	Jákvæð áhrif
Efnisnám við Laugarfell	Heimilt að taka allt að 35.000 m ³	Mun hafa neikvæð áhrif á umhverfi innan námasvæðis. Mögulegt að draga úr neikvæðum áhrifum að efnisnámi loknu með mótvægisáðgerðum

6.4 Niðurstöður

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að ef vegin eru saman þau umhverfisáhrif sem fyrirsjáanlega hljóttast af aukinni umferð ferðamanna og það markmið deiliskipulagsins að bæta þjónustu við ferðamenn og stýra umferð þeirra um skipulagssvæðið eru umhverfisáhrif af framkvæmd deiliskipulagsins metin jákvæð. Er grundvöllur þeirra niðurstöðu sá að með framkvæmd deiliskipulagsins við Laugará sé leitast við að draga úr þeim áhrifum sem fyrirsjáanlega munu hljóttast af bættu aðgengi ferðamanna að skipulagssvæðinu og þeirri stefnu stjórnvalda að auka umferð ferðamanna með stofnun Vatnajökulspjóðgarðs.

6.5 Kynning og samráð

Umhverfisskýrsla er unnin fyrir og í samvinnu við skipulagsyfirvöld í Fljótsdalshreppi. Umhverfisskýrslan verður auglýst til kynningar fyrir almenning.